

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Vesturbæjar Hafnarfjarðar vegna Norðurbrautar 24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. janúar 2026 breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina Norðurbraut 24. Breytingin felst í aukningu byggingarmagns um 12,5 m² í kjallara. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,65 í 0,70.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Hádegisskarð 20/Drangsskarð 11.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. janúar 2026 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Hádegisskarðs 20/Drangsskarðs 11. Breytingin gerir ráð fyrir að í stað 7 íbúða innan lóðar verði heimilaðar 8 íbúðir. Bilastæðum fjölgar úr 7 í 8.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. janúar 2026.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 28. janúar 2026